



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 29. nóvember, 2011

Ákvörðun nr. 39/2011

## **Ákvörðun um breytingu á gildistíma undanþágu ákvörðunar nr. 26/2010 *Starfsemi Íslandsrótar Auðkennis***

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Með ákvörðun nr. 26/2010 heimilaði Samkeppniseftirlitið Auðkenni ehf. að standa að ýmsum rekstri tengdum Íslandsrót og útgáfu rafrænna skilríkja undir Íslandssrót þrátt fyrir ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Var undanþágan veitt á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga og markaður ákveðinn gildistími. Skyldi undanþágan gilda til 31. desember 2011.

Auðkenni kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Var þess krafist af hálfu Auðkennis að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins yrði framlengd til loka ársins 2015 en ella að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins yrði felld úr gildi og lagt fyrir stofnunina að taka málið til meðferðar að nýju. Kvað áfrýjunarnefndin upp úrskurð sinn í málinu þann 31. desember 2010 sbr. úrskurð nr. 13/2010 *Auðkenni hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Var það mat áfrýjunarnefndar að hvorki hefði verið fjallað um tímalengd undanþágu við málsmeðferð af málsaðilum eða Samkeppniseftirlitinu. Væri tímalengd undanþágunnar þannig hvorki rökstudd sérstaklega né ítarlega um hana fjallað. Var það mat áfrýjunarnefndar að tímalengdin gæti skipt aðila miklu máli. Var það niðurstaða áfrýjunarnefndar að Samkeppniseftirlitinu hefði verið rétt að fjalla sérstaklega um gildistíma undanþágunnar og rökstyðja hann sérstaklega í ákvörðun sinni. Taldi nefndin því óhjákvæmilegt að ógilda ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að hluta og leggja fyrir stofnunina að taka tímalengd undanþágunnar til nýrrar efnismeðferðar.

Auðkenni óskaði fyrst eftir endurskoðun ákvörðunarorða ákvörðunar nr. 26/2010 með bréfi dags. 19. nóvember 2010. Var beiðnin rökstudd með vísan til þess að Auðkenni hefði þörf á að starfa við viðunandi öryggi um framtíðar rekstrarforsendur. Taldi Auðkenni þannig að eðlilegt væri að marka undanþágunni fimm ára gildistíma. Væri Auðkenni meðal annars þörf á að fjárfesta í ýmsum vél- og hugbúnaði. Kynni skammur gildistími undanþágunnar að draga úr ýmsu þróunarstarfi félagsins og gera því erfitt um vik með skipulagningu rekstrarins og aðkomu að öryggisvörnum í netbönkum með rafrænum skilríkjum.



Ítrekaði Auðkenni ósk sína um endurskoðun tímalengdar undanþágu þeirrar sem veitt var með ákvörðun nr. 26/2010 með öllu ítarlegra bréfi dags. 15. febrúar 2011. Var þar fjallað ítarlega um breytingar sem fyrirhugaðar voru á rekstri Auðkennis m.a. þar sem svokölluð Auðkennisrót myndi taka yfir útgáfu meirihluta skilríkja sem áður hefðu verið endurseld.

Auðkenni tók fram í erindi sínu að, að mati fyrirtækisins standi gild rök til þess að starfræksla Auðkennisrótar og útgáfu rafrænna skilríkja undir henni rúmist innan þeirrar niðurstöðu sem Samkeppniseftirlitið birti í ákvörðun nr. 26/2010. Erindið sé þó sent Samkeppniseftirlitinu til þess að gera eftirlitinu grein fyrir þeirri þróun sem orðið hafi og framundan sé hvað varðar starfsemi Auðkennis. Þá segir jafnframt að telji Samkeppniseftirlitið forsendur standa til þess að taka þurfi nýja og/eða sérstaka ákvörðun um undanþágu til handa Auðkennis vegna ákvæða 10. og 15. gr. samkeppnislaga óski fyrirtækið þess að það verði gert á grundvelli þeirra sjónarmiða sem nánar koma fram í erindinu.

## II.

### Niðurstaða

#### 1. Erindi Auðkennis vegna breytinga á starfsemi fyrirtækisins

Eins og m.a. kemur fram í ákvörðun nr. 26/2010 hefur Samkeppniseftirlitið, í 15. gr. samkeppnislaga, heimild til þess að veita undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. laganna ef nánar tilgreind skilyrði eru uppfyllt. Uppfylla verður öll skilyrði 15. gr. laganna þannig að til álita komi að veita undanþágu frá bannákvæðunum. Rétt er að hafa í huga að viðkomandi fyrirtæki verða að sýna fram á að umrædd skilyrði séu uppfyllt.<sup>1</sup> Ekki hefur verið sérstaklega sótt um undanþágu fyrir starfsemi Auðkennisrótar og kemur raunar fram í erindi Auðkennis að gild rök standi til þess, að mati fyrirtækisins, að starfræksla hennar og útgáfa rafrænna skilríkja rúmist innan þeirra niðurstöðu sem birt var í ákvörðun nr. 26/2010. Samkeppniseftirlitið vill hér árétta að það er undir Auðkenni komið að ákvarða hvort sótt verði um undanþágu vegna breytinga í rekstri fyrirtækisins eða ekki. Þar sem skýrt kemur fram í erindi Auðkennis að fyrirtækið telji ekki þörf á breytingum á núverandi undanþágu vegna breytinga á starfsemi Auðkennis, mun Samkeppniseftirlitið ekki fjalla um þennan þátt málsins frekar. Samkeppniseftirlitið áskilur sér þó rétt til þess að taka síðar til skoðunar hvort fyrirtækið fari að ákvörðun nr. 26/2010.

#### 2. Tímalengd undanþáguheimildar vegna starfsemi Íslandsrótar

Eins og fram hefur komið var undanþáguheimild til handa Auðkenni í ákvörðun nr. 26/2010 veitt til 31. desember 2011. Auðkenni hefur krafist þess að heimildin nái til ársloka 2015. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 13/2010 segir að sá gildistími sem ákveðinn hafi verið teljist fremur skammur og að ákvörðun um hann hafi ekki verið rökstudd ítarlega í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Var því lagt fyrir eftirlitið að taka ákvörðun nr. 26/2010 til nýrrar meðferðar og ákvörðunar hvað varðaði þann hluta ákvörðunarinnar sem sneri að tímalengd undanþáguheimildarinnar.

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. Bellamy & Child, European Community Law of Competition, 6. útgáfa 2008 bls. 197: „In any national or Community proceedings, the undertakings or association of undertakings claiming the benefit of Article 81(3) bears the burden of proving that the conditions of the paragraph are fulfilled.”



Eins og áður hefur komið fram taldi Auðkenni skamman gildistíma undanþágunnar kunna að draga úr ýmsu þróunarstarfi félagsins og gera því erfitt um vik um skipulagningu rekstrarins og aðkomu að öryggisvörnum í netbönkum með rafrænum skilríkjum. Með hliðsjón af þeim rökstuðningi og eftir heildarmat á aðstæðum í máli þessu hefur Samkeppniseftirlitið ákveðið að fallast á kröfu Auðkennis og veita félaginu undanþágu til ársloka 2015. Ítreka skal að skilyrði þau sem sett eru fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2010, sem var undanfari þessa máls, halda gildi sínu allan þann tíma. Auk þessa skal bent á að samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 getur Samkeppniseftirlitið dregið undanþágu til baka eða breytt skilyrðum hennar ef forsendur sem lágu til grundvallar undanþágunni hafa breyst, ef undanþágan hefur verið veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga eða ef fyrirtæki brýtur þau skilyrði sem sett voru fyrir undanþágunni.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**Undanþága sú sem veitt var Auðkenni ehf. í ákvörðun nr. 26/2010 skal gilda til 31. desember 2015. Brot á skilyrðum varða viðurlögum samkvæmt samkeppnislögum nr. 44/2005.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson